

Reykjavík, 7. júlí 2008

Kæru ættingjar!

Nú stýttist óðum í ættarmót afkomenda Kristófers Þorvarðarsonar og Rannveigar Jónsdóttur laugardaginn 26. júlí 2008. Undirbúningshópurinn hefur fundað í rúmt ár og virkjað marga til starfa. Ættarmótið hefur fengið jákvæðar undirtektir og eigum við því von á góðri þátttöku.

Í undirbúningshópnum eru fulltrúar þeirra sjö barna Kristófers og Rannveigar sem eignuðust afkomendur. Þeir hafa safnað efni í niðjatölin, safnað myndum af börnum Kristófers og Rannveigar og nokkrum fleiri myndum og komið upplýsingum um ættarmótið til síns fólks. Þeir hafa einnig kannað eftir bestu getu hverjir ætli að mæta á ættarmótið, því vegna undirbúnings þurfum við að hafa sem besta hugmynd um fjöldann með nokkrum fyrirvara.

Ef þið hafið ekki þegar tilkynnt þátttöku, vinsamlegast hafið samband við ykkar tengilið fyrir 20. júlí nk.

Í Félagsheimilinu Kirkjuból á Kirkjubæjarklaustri fer fram skráning ættarmótsgesta, mótsgjald greitt, dagskrá afhent sem og nafnspjöld í viðeigandi lit - á eftirfarandi tímum:

Föstudaginn 25. júlí kl. 20:00 – 22:00
Laugardaginn 26. júlí kl. 10:30 – 12:30
og kl. 15:00 – 16:00

**Þáttökugjald er kr. 4.000 fyrir fullorðna,
kr. 1.000 fyrir börn 12 – 16 ára
og frítt fyrir börn 11 ára og yngri**

Æskilegt er að greiða **með peningum** en einnig verður mögulegt að greiða með korti. Innifalið í þáttökugjaldinu eru kaffiveitingar í Félagsheimilinu og annar kostnaður við framkvæmd mótsins.

Ólafía Jakobsdóttir hefur umsjón með undirbúningi á ættarmótsstað á Síðunni. Hún og skógarbændurnir í Prestbakkakoti, þau Sólveig Pálsdóttur og Jón Þorbergsson, hafa unnið að undirbúningi Rannveigarlundar.

Fedgarnir Tjörvi Bjarnason og Bjarni Ólafsson hafa verið að vinna við að koma niðjatölunum á Vefinn: www.mosar.is og skanna inn myndir.

Á seinasta undirbúningsfundi drógum við um sjö liti til að auðvelda ættarmótsgestum að átta sig betur á skyldmennunum og hver er komin af hverjum. Við mælum með því að þátttakendur sýni lit, og beri eitthvað í sínum lit – auk nafnspjaldsins. Við skráninguna í Kirkjuhvoli verða til reiðu bönd í litunum sjö - fyrir þá sem það vilja.

GRÆNT

BLÁTT

RAUTT

GULT

FJÓLUBLÁTT

APPELSÍNUGULT

BRÚNT

AFKOMENDUR ÖNNU

AFKOMENDUR FRÍÐRIKS

AFKOMENDUR JÓNS

AFKOMENDUR KRISTÓFERS

AFKOMENDUR ÓLAFS

AFKOMENDUR SIGRÍÐAR

AFKOMENDUR ÞORVARÐAR

Ítarlegri dagskrá verður afhent við skráningu mótsgesta í Félagsheimilinu Kirkjuhvoli.

DAGSKRÁ

Kl. 13:00 Mæting í Prestbakkakirkju á Síðu

Setning ættarmótsins

Flutt minni hjónanna Kristófers og Rannveigar

Fjöldasöngur

Kynnt athöfn í Rannveigarlundi

Lagður blómakrans á leiði hjónanna og sr.Þorvarðar Jónssonar í

Prestbakkakirkjugarði

Kl.14:00 Mæting í Rannveigarlund í Prestsbakkakoti á Síðu

Afhjúpaður minnisvarði um hjónin í lundinum

Fjöldasöngur

Gróðursetning

Kl.15:00 – 16:00 Mæting í Félagsheimilið Kirkjuhvol á Kirkjubæjarklaustri, skráning, mótsgjald greitt o.s.frv.

Kl. 16:00 – 18:00

Kaffisamsæti, myndasýning, ávörp og frásagnir afkomenda, fjöldasöngur.

Kl. 18:00 Formlegri dagskrá ættarmótsins slitið.

Kl. 18:15 – 19:00 Fjölskyldudansleikur í umsjón Gerðar Hörpu Kjartansdóttur

Kl. 20:00 Í boði verður aðstaða fyrir útigrill við Félagsheimilið fyrir þá ættarmótsgesti sem vilja nýta sér það. Kaffihúsastemning í Kirkjuhvoli fram eftir kvöldi, tónlist, söngur og spjall. Notum tækifærið og endurnýjum gömul kynni og stofnum til nýrra kynna við sem flesta ættingja.

Gestir sjá sér sjálfir fyrir veitingum.

(Nánari upplýsingar á www.mosar.is, hjá **Rannveigu** í síma 588 3475/863 4305, á netfangi: rannveig@fa.is, hjá **Ólafíu** í síma 892 9650, á netfangi: olafiaj@centrum.is.)

Við minnum alla á hlýjan fatnað.

Auðvitað vonumst við eftir góðu veðri en við öllu má búast á Íslandi.

Við hlökkum til að heyra frá ykkur og sjá ykkur á ættarmótinu.

Kærar kveðjur.

Rannveig Jónsdóttir, Espigerði 4, 108 Reykjavík, s: 588 3475/ 863 4305
rannveig@fa.is (Tengiliður afkomenda Jóns Kristóferssonar)

Bjarni Ólafsson, Grænutungu 7, 200 Kópavogi, s:564 1978
bjarnol@mh.is (Tengiliður afkomenda Önnu Kristófersdóttur)

Eiríkur Kristófersson, Breiðvangi 4, 220 Hafnarfirði, s: 893 1689
eev2@simnet.is (Tengiliður afkomenda Þorvarðar Kristóferssonar)

Elsa Theódóra Bjarnadóttir, Kársnesbraut 91, 200 Kópavogi, s: 564 4107
elsa.bjarnadottir@tr.is (Tengiliður afkomenda Sigríðar Kristófersdóttur)

Helga M.Bjarnadóttir, Sigluvogi 13, 104 Reykjavík, s:553 1106
helgamatta@gmail.com (Tengiliður afkomenda Kristófers Kristóferssonar)

Margrét Eiríksdóttir, Bakkastöðum 159, 112 Reykjavík, s: 586 1361/898 1361
margret@noi.is (Tengiliður afkomenda Ólafs Kristóferssonar)

Ólafía Ragnarsdóttir, Perlukór 3 C, 203 Kópavogi, s: 554 0658
(Tengiliður afkomenda Friðriks Kristóferssonar)

Sigríður Nikulásdóttir, DrekaVogi 13, 104 Reykjavík, s: 553 3012/862 9210
sigridurn@simnet.is (Tengiliður afkomenda Sigríðar Kristófersdóttur)

Ólafía Jakobsdóttir, Hörgslandi, 880 Kirkjubæjarklaustri s: 487 4763/892 9650
olafiaj@centrum.is